

# Amaroq undirritar lykilsamninga við Thyssen Schachtbau og Tamarack Mining Services

04.10.2023 | [GlobeNewswire](#)

TORONTO, Oct. 04, 2023 - ("Amaroq" eða "fyrirtækið" eða "félagið")

Amaroq undirritar lykilsamninga við Thyssen Schachtbau og Tamarack Mining Services

TORONTO, ONTARIO - 4. október 2023 - [Amaroq Minerals Ltd.](#) (AIM, TSXV, aðalmarkaður NASDAQ Iceland: AMRQ), íslensk kennitala 600122-9910, sjálfstæðu námufyrirtæki með leyfi til leitar og vinnslu á gulli og öðrum verðmætum jarðefnum á stóru landsvæði á Suður-Grænlandi, er ánægja að staðfesta undirritun verktakasamnings um námuvinnslu við Thyssen Schachtbau GmbH ("Thyssen Schachtbau") og samnings um innkaup og stuðning við aðfangakeðju við Tamarack Mining Services ("Tamarack").

Helstu atriði:

- Thyssen Schachtbau er sérhæft, þýskt verktakafyrirtæki á sviði námuvinnslu með yfir 150 ára reynslu af vinnu við erfiðar aðstæður á afskekktum norðurslóðum.
- Tveggja ára verktakasamningurinn sem nú er gerður við Thyssen Schachtbau tekur til endurbóta á núverandi inngöngum, römpum, loftræstingu og rafveitu á námasvæðinu sem um ræðir, og svo frumþróunar og graftar í fjallendinu, þar sem mikið er af náttúruauðlindum.
- Tamarack er kanadískt hópinnkaupafyrirtæki (Group Purchasing Organization (GPO)) sem þjónar eingöngu alþjóðlegum námuiðnaði og býr yfir meira en hálfra aldar reynslu af alþjóðlegum innkaupum fyrir námuvinnslu og þjónustu við aðfangakeðjur. Fyrirtækið starfar vítt og breitt um Norður-Ameríku og nú líka á Grænlandi.
- Undirbúningur er kominn vel á veg og nú þegar hefur verið gengið frá kaupum á öllum helstu vörum með lengri afhendingartíma. Tekið var á móti fyrstu gámunum á Nalunaq-vinnslusvæðinu 13. september 2023.
- Endurbætur við Nalunaq hefjast í fyrstu viku október 2023.

Eldur Ólafsson, forstjóri Amaroq, sagði:

*"Þessir samningar við reynda og trausta samstarfsaðila er afar mikilvægt skref í átt að því að hefja námastarfsemi í Nalunaq á nýjan leik. Lykilatriði í vali okkar á báðum aðilum var sérfræðipækning þeirra á verkefnum á afskekktum stöðum, að ógleymdri áherslu þeirra á öryggi og skilvirkni. Nú þegar þessir samningar eru í höfn getum við hafist handa við næsta áfanga verkefnisins og við áætluðum að hefja endurbætur síðar í þessum mánuði."*

Markus Beermann, forstjóri Thyssen Schachtbau, sagði:

*"Það er okkur ánægja að leggja Amaroq lið í þessu verkefni og við hlökkum til að hefjast handa við Nalunaq-verkefnið. Thyssen Schachtbau kemur til með að byggja á víðtækri reynslu sinni af námuverkefnum á norðlægum slóðum sem svipar til Nalunaq. Þetta er líka frábært tækifæri til að auka umfang og fjölbreytni í starfsemi okkar á svæðinu með tilheyrandi tækifærum til rannsókna og námugraftar."*

Ben-Schoeman Geldenhuys, einn stofnenda Tamarack Mining Services, sagði:

*"Þar sem Nalunaq er svo afskekkt veltur allt á því að tryggja hnökralaus innkaup og birgðastjórnun. Þar kemur Tamarack Mining Services til sögunnar með innkaupa- og samningamætti sínum. Innleiðing Amaroq á Blindspot&TRADE;-gervigreindartækninni frá Tamtek til að stýra aðfangakeðjum, innkaupum og viðhaldi er til*

*marks um nýsköpunarhugsun fyrirtækisins þegar kemur að námuvinnslu. Við erum spennt fyrir því að leggja Amaroq lið við að efla og þróa námugeirann á Grænlandi."*

Fyrirspurnir:

[Amaroq Minerals Ltd.](#)

Eldur Ólafsson, framkvæmdastjóri og forstjóri  
eo@amaroqminerals.com

Eddie Wyvill, fyrirtækjaþróun  
+44 (0)7713 126727  
ew@amaroqminerals.com

Stifel Nicolaus Europe Limited (tilnefnt sem ráðgjafarfyrtæki og sameiginlegur verðbréfamiðlari)  
Callum Stewart  
Varun Talwar  
Simon Mensley  
Ashton Clanfield  
+44 (0) 20 7710 7600

Panmure Gordon (UK) Limited (sameiginlegur verðbréfamiðlari)  
John Prior  
Hugh Rich  
Dougie Mcleod  
+44 (0) 20 7886 2500

Camarco (fjármálaupplýsingagjöf)  
Billy Clegg  
Elfie Kent  
Charlie Dingwall  
+44 (0) 20 3757 4980

Til að fá fréttir af félaginu:

Fylgið @Amaroq\_minerals á Twitter  
Fylgið Amaroq Minerals Inc. á LinkedIn

Frekari upplýsingar:

Um Amaroq Minerals

Helstu viðskiptamarkmið Amaroq Minerals er að finna, rannsaka og þróa námur með gulli og öðrum verðmætum málum á Grænlandi. Helsta eign félagsins er 100% eignarhlutur í Nalunaq-verkefninu, námugreftri á rannsóknarstigi sem er vel á veg kominn og með vinnsluleyfi sem tekur meðal annars til Nalunaq-gullnáunnar þar sem gröftur var stundaður áður. Fyrirtækið er með leyfi til að vinna gull og aðra verðmæta málma úr jörðu á Suður-Grænlandi, meðal annars úr gullbeltunum tveimur sem vitað er um á svæðinu. Amaroq Minerals er stofnsett samkvæmt kanadískum fyrirtækjalögum og er eini eigandi Nalunaq A/S, sem er stofnsett samkvæmt grænlandskum lögum um hlutafélög.

Um Thyssen Schachtbau

<https://www.thyssen-schachtbau.com/en/>

Um Tamarack Mining Services

Tamarack Mining Services er hópinnkaupafyrirtæki sem veitir fyrirtækjum í námuiðnaði fulla þjónustu. Tamarack býður afkastabætandi lausnir svo sem hópinnkaup, ráðgjafarþjónstu, Tamtek-aðfangakeðju og -innkaupatæknina og alþjóðlega innkaupaþjónustu. Tamarack Mining Services einfaldar aðfangakeðjur í námugeiranum, er öflugur samstarfsaðili birgja innan lands og utan og styður við vöxt í námuhagkerfinu með samstarfi og aðkomu á hverjum stað.

<https://www.tamarackms.com/about-us>

Hvorki TSX Venture Exchange né eftirlitsaðili kauphallarinnar (samkvæmt skilgreiningu í reglum TSX Venture Exchange) ábyrgist að upplýsingarnar í þessari tilkynningu séu fullnægjandi eða réttar.

Innherjaupplýsingar

Í þessari tilkynningu eru engar innherjaupplýsingar.

---

Dieser Artikel stammt von [Rohstoff-Welt.de](https://www.rohstoff-welt.de)

Die URL für diesen Artikel lautet:

<https://www.rohstoff-welt.de/news/454420--Amarog-undirritar-lykilsamninga-vi-Thyssen-Schachtbau-og-Tamarack-Mining-Services.html>

Für den Inhalt des Beitrages ist allein der Autor verantwortlich bzw. die aufgeführte Quelle. Bild- oder Filmrechte liegen beim Autor/Quelle bzw. bei der vom ihm benannten Quelle. Bei Übersetzungen können Fehler nicht ausgeschlossen werden. Der vertretene Standpunkt eines Autors spiegelt generell nicht die Meinung des Webseiten-Betreibers wieder. Mittels der Veröffentlichung will dieser lediglich ein pluralistisches Meinungsbild darstellen. Direkte oder indirekte Aussagen in einem Beitrag stellen keinerlei Aufforderung zum Kauf-/Verkauf von Wertpapieren dar. Wir wehren uns gegen jede Form von Hass, Diskriminierung und Verletzung der Menschenwürde. Beachten Sie bitte auch unsere [AGB/Disclaimer!](#)

---

Die Reproduktion, Modifikation oder Verwendung der Inhalte ganz oder teilweise ohne schriftliche Genehmigung ist untersagt!  
Alle Angaben ohne Gewähr! Copyright © by Rohstoff-Welt.de -1999-2026. Es gelten unsere [AGB](#) und [Datenschutzrichtlinien](#).